

Alþingi  
Erindi nr. P 131/413  
komudagur 3.12.2004



Akraneskaupstaður

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 2. desember 2004, var m.a. fjallað um bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 17.11.2004, þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga, 269. mál heildarlög.

Eins og fram kemur í málsgögnum með frumvarpinu hefur félagsmálaráðuneytið unnið að endurskoðun laganna á grundvelli beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga og stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga og var niðurstaðan fengin í góðri sátt á milli þessara aðila, skv. bréfi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.11.2004.

Ljóst er að starfsemi lánasjóðs sem Lánasjóður sveitarfélaga er, er best kominn í sama rekstrarumhverfi og aðrir sambærilegir sjóðir eru í á hverjum tíma og í því ljósi fæst ekki annað séð en að umrædd tillaga að lagabreytingu fyrir sjóðinn sé honum til framdráttar og eigi eftir að auðvelda sjóðnum að þjóna sveitarfélögum betur en hann hefur haft möguleika á að gera hingað til á grundvelli núverandi lagaumhverfis.

Skv. framangreindu mælir bæjarráð Akraness með samþykkt frumvarpsins.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 2. desember 2004.

Virðingarfyllt,

A large, stylized handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jón Pálmi Pálsson'.

Jón Pálmi Pálsson, bæjarráttari

Afrit: Bæjarstjóri, Gísli Gíslason.

JPP/tp-040327  
Skj. 000.2/AK26343

Bæjarskrifstofur • Stillholti 16 - 18 • 300 Akranes